

Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík

5. nóv. 2010

Frumvarp á þskj. 83 — 79. mál til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Við 9. gr. um breytingu á 12. gr. laganna um *Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga, á eftir c.lið* komi nýr liður svohljóðandi (aðrir liðir breytast skv. þessu)

„d. hefur, í samvinnu við skipulagsfulltrúa og Byggingarstofnun, eftirlit með því að áætlanir um landnot sem taka til skipulagningar frístundabyggða, kveði á um eldvarnir í skóglendi, eftir því sem við á.“

Rök: Vísast í skýrslu vísindanefndar (2008) „Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi“ s. 100:

Með meiri framleiðni gróðurs, aukinni útbreiðslu skóga og minnkandi beit eykst hættu á sinu- og skógareldum. Minnkandi snjóhula auk breytinga á úrkomu að vori og sumri hafa einnig áhrif á áhættuna. Þegar er farið að huga að vöktun og eftirliti með hættu á skógareldum

Einnig vísast í skýrsluna „Almannavarnir og áfallaþol íslensks samfélags“ (2005) kafla 6. *Eldsvoðar*, bls. 25: „Ný ógn er fyrirsjáanleg í þessum málaflokki, en það eru auknir kjarr- og skógareldar, sem komið geta upp í vaxandi mæli við þá miklu aukningu á skógrækt sem nú á sér stað í landinu.“

Það verður að teljast *stjórnsýsluáfalli* og, eftir atvikum, ógn við öryggi borgaranna, ef ekki er kveðið á um að eldvarnaeftirlit sveitarfélaga hafi, ásamt *Byggingarstofnun*, skilgreint hlutverk **eftirlitsaðila með fyrirkomilagi eldvarna vegna hættu á gróður/skógareldum í skipulögðum frístundabyggðum**. Nú þegar *liggja fyrir* rökstuddar ábendingar vísindamanna um stórauðna hættu hér á landi af völdum þessarar tegundar náttúruvárs, t.d. í skýrslum sem vísað er til hér að ofan.

Þá er og mikilvægt, í þessu sambandi, að tryggt verði að gróður/skógareldar fái skilgreiningu *náttúruvárs* við fullvinnslu reglugerðar með lögum 123/2010.

Virðingarfyllst,

K. Hulda Guðmundsd.
Fitjum, Skorradal